

## Gönguleiðin um Leggjabrjót

Hin gamla þjóðleið frá Botnsdal í Hvalfirði til þingvalla er nefnd eftir Leggjabrjóti, illfærum urðarhálsi, sem liggur þvert á leið og var fyrrum hinn versti farartálmi. En eldra nafn á leiðinni var Botnsheiði. Leiðin er nú vörðuð að mestum hluta og ætti það að vera til styrktar í þoku og dimmviðri, Vegalengd er 12-13 km og ca. 5-6 klst ganga ef farið er í rólegheitum. (Hyggilegt er að hafa skóbúnaðinn vatnsheldan, því leiðin liggur víða yfir bleytur og mýradrög.)

**Botnsdalur:** Stuttur, kjarrivaxinn dalur upp af Botnsvogi. Ísaldarjökullinn hefur myndað dalinn, svo og Hvalfjörð og alla þá dali og skorninga, sem að honum liggja. Í Landnámabók segir svo:

*"Maður hét Ávangur írskur að kyni. Hann byggði fyrst í Botni. Þar var þá svo stór skógur, að hann gerði þar af hafskip og hlóð þar sem nú heitir Hlaðhamar" .*

Kletthöfði við veginn, innst í voginum að sunnanverðu ber þetta nafn nú. Tveir bæir voru í dalnum Neðri eða Litlibotn og Efri eða Stóribotn. Á Neðrabotni bjó Geir fóstbróðir Harðar Grímkelssonar, sem frá eftir í Harðarsögu. Þar bjó um tíma á fyrri hluta þessarar aldar Beinteinn ? Hann átti nokkur börn og voru flest þeirra þekkt fyrir skáldgáfu sína. Má þar m.a. nefna Pétur, Halldóru og Sveinbjörn sem síðar var allsherjargoði Ásatrúarmanna. Annað skáld Jón Magnússon ( ) ólst einnig upp á Litlabotni. Upphaflega var Botnsdalur mun lengri, en síðla á ísöld var gos undir jökli í miðjum dal og myndaðist þá Hvalfellið, sem rís fyrir enda dalsins (848 m y.s.). Í þessu gosi lokaðist fyrir dalbotninn og í kvosinni sem eftir varð er nú Hvalvatn 160 m djúpt. Botnsá rennur eftir dalnum. Hún kemur í Hvalvatni, sem er að baki Hvalfells. Áin fellur meðfram norðurhlíð fjallsins, en vestan undir því steypist hún fram að dalbrúninni í geysiháum og hrikalegum fossi, sem heitir Glymur (198 m hæsti foss landsins). Í þjóðsögum Jóns Árnasonar segir svo að

*eitt sinn settist illhveli eitt, með rauðan haus, að úti á Faxaflóa og grandaði fiskibátum. Drukknuðu við það margir menn, þar á meðal synir prestsins að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Presturinn var aldraður, blindur og hrumur. Syrgði hann syni sína mjög. Eitt sinn bað hann dóttur sína að leiða sig ofan í fjöru. Er þangað var komið tók hann að þylja þulur og slá staf sínum í sjóinn. Nokkru síðar sá stúlkan hvar hvalurinn kom syndandi inn fjörðinn og staðnæmdist hann í sjónum andspenis þeim. Bað presturinn stúlkuna að leiða sig inn fjöruna. Gerði hún það, en hvalurinn fór inn fjörðinnsamhliða þeim. Þegar í Botnsdal var komið hélt presturinn inn dalinn en hvalurinn brólti upp eftir ánni. Þegar hann ætlaði að fara upp fossinn sprakk hann og drapst. Eftir þetta var fjörðurinn nefndur Hvalfjörður, fjallið Hvalfell og vatnið Hvalvatn.*

**Stóribotn:** Þar var vinsæll áningarstaður ferðamanna, meðan þjóðleiðin lá um Leggjabrjót til þingvalla. Þar fæddist og ólst upp Jón Helgason rithöfundur og blaðamaður ( ). Botnsá fellur fyrir neðan túnið og þar er göngubrú á henni. Þaðan liggur gamla gatan skáhallt upp brekkurnar í áttina að Botnssúlum. Búskap var hætt á jörðinni laust eftir 1970. Hóf þá eigandi jarðarinnar ræktun barrtrjáa, sem blasa við augum í hlíðinni sunnan ár.

**Við Hvalskarðsá:** Áin kemur í Hvalskarði, sem er á milli Hvalfells og Botnssúlna og fellur í Botnsá. Farvegur árinna er skoðunarverður, þar sem hún myndar smá fossa á leið sinni ofan hlíðina. Á einum eða tveimur stöðum í gilinu seytlar fram volgt vatn, gott til fótabaða. Handan dalsins blasir Glymsgljúfrið við og efri hluti fossins sést. Fossinn sést allur ef gengið er í áttina að honum utan í hlíð Hvalfells. Það er ávinningur að taka þann krók á sig, en fara verður samt með gát. Úr Hvalskarði er auðvelt að ganga á Hvalfell.

**Sandhryggur:** Þaðan er víðsýnt. Í vestri sést til Hvalfjarðar yfir brúnir Múlafjalls (333 m y.s.), til Hvalfells í norðri (852 m y.s.) og í austri rísa Botnssúlur. Þær eru fjórar talsins. Talið er að Botnssúlurnar séu gamalt eldfjall og tindarnir leyfar

af gígþörm-unum. Frá Sandhrygg er jafnan gengið á tvær þær vestustu (1005 m og 1086 m y.s.) Brynjudalur allur og Brynjudalsvogur blasa við. Landnámabók greinir þannig frá nafngiftinni á dalnum:

*"Hvamm-þórir nam land á milli Laxár og Fossár og bjó í Hvammi. Þórir deildi við Ref hinn gamla um kú þá er Brynja hét. Við hana er dalurinn kenndur. Hún gekk þar úti með fjóra tugi nauta og voru öll frá henni komin".*

**Sandvatn:** Leiðin liggur meðfram austurströnd vatnsins undir hlíðum Botnssúlna, sem heitir Sandvatnshlíð. Upptök Brynjudalsár eru í Sandvatni. Stuttur spölnur er frá vatninu fram á brúnir dalsins. Þar steypist áin ofan í dalinn í fossum í djúpu gljúfri. Heitir þar Djúpidalur og Gljúfur. Upp frá Sandvatni í austur gengur Súlnadalur. Efst í honum er Bratti, skáli Íslenska Alpklúbbsins. Áhugavert er að ganga fram á Djúpadalsbrúnir og skoða Gljúfrið og fossana, eins að ganga upp að Bratta, sem er í rúmlega 1000 m hæð. Þar er hægt að hafa næturdvöl, en með leyfi eigenda.

**Biskupskelda:** Illfær kelda er liggur þvert á leið. Hefur verið brúuð með þeim hætti að grjót og mól var borið í hana og þannig gerð hestfær. Það hefur verið gert á síðari tímum. Eitt sinn var Jón Þorláksson prestur og skáld á Bægisá (f.1744-d.1819) þar á ferð í Alþingisreið. Hryssa ein, er Tunna hét, var í lestinni undir böggum. Hún lá í keldunni og losnuðu baggarnir af henni. Þá á Jón að hafa kveðið þessa kunnu vísu:

*Tunna valt og úr henni allt,  
ofan í djúpa keldu.  
Skulfu lönd og brustu bönd  
en botngjarðirnar héldu.*

**Leggjarbrjótur:** Stórgrýttur háls og hefur verið afar illur yfirferðar uns hann var ruddur. Þar er nú greiðfær hestagata. Á Leggjarbrjóti er hæsti staður leiðarinnar 467 m y.s. ? Vestan við hæðina er Myrkavatn, en þar eru upptök Öxarár. Handan við ána er Búrfell (782 m y.s.), móbergsfjall sem auðvelt er uppgöngu. Súla, lítill lækur að jafnaði, kemur úr Súludal og fellur í Öxará sunnan við Leggjarbrjót. Sjálfsagt er að leggja krók á leiðina, ganga að vatninu og skoða umhverfi þess. Snotur slæðufoss, en nafnlaus, er í Öxará skammt fyrir ofan ármótin. Hann sést ekki af götunni.

**Öxará:** Sennilega kunnasta á landsins. Í Landnámabók segir frá Ketilbirni Ketilssyni. Hann kom til Íslands á skipi sínu Elliða í "Elliðarárs fyrir neðan Heiði" (Mosfellsheiði). Hann dvaldi vetrarlangt hjá tengdasyni sínum Þórði Skeggja á Skeggjastöðum.

*"Um vorið fór hann upp um Heiði að að leita sér landkosta. Þeir höfðu náttból og gerðu sér skála. Þar heitir nú Skálabrekka. En er þeir fóru þaðan komu þeir að á einni er þeir kölluðu Öxará. Þeir týndu þar öxi sinni".*

Það var trú manna að vatnið í Öxará væri annarrar náttúru en venjulegt vatn. Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt frá tveimur prestum er vöktu á þingvöllum á gamlársnótt. Um miðnættið fór annar þeirra með flösku út í á til að sækja vatn til drykkjar. En þegar prestarnir supu á vatninu reyndist það vera vín. Stuttu síðar ætluðu þeir að klára vínið úr flöskunni en þá var það orðið aftur að vatni. Ári síðar léku þeir sama leikinn, en þegar til kom reyndist vera blóð í flöskunni í stað víns, sem stuttu síðar breyttist svo aftur í vatn.

*"En sú var trú manna, að þegar Öxará yrði að blóði, þá vissi það á blóðsúthellingu á Alþingi. Er og sagt að svo fór í þetta sinn, að á næsta Alþingi varð bardagi og mannfall mikið" (J.Á).*

**Orustuhóll:** Frá Leggjarbrjót liggur leiðin ofan Öxarárdal og fylgir ánni að mestu. Neðarlega í dalnum myndar hún djúp og skoðunarverð gljúfur. Af Orustuhól er útsýni gott suður yfir þingvallavatn, nágrenni þess og fjallahringinn allan. Í austri er Ármannsfell (741 m y.s.) bústaður Ármanns tröllkarls, sem þar bjó samkvæmt þjóðsögum. Lægðin milli þess og Botnssúlna nefnist Gagnheiði. Undir heiðinni er eyðibýlið Svartagil. Fyrrum fjölfarin leið til suðurdala Borgarfjarðar liggur framhjá

Svartagili, yfir Gagnheiði, austan við Hvalvatn og til efsta bæja í Skorradal. Handan við hina miklu sigdæld, þingvallasléttuna, sem fyrrum mun hafa verið kölluð Bláskógar, rísa móbergsfjöllin Tindaskagi og Hrafnabjörg (765 m y.s). Þar fyrir austan eru eldstöðvarnar er lögðu til það hraun, sem þekur nú þingvallasléttuna. Sést greinilega hvernig hraunstraumarnir hafa legið þaðan til vesturs og suð-vesturs milli og frammeð fjöllunum.

**Langistígur:** þeir sem komu áður fyrir til Þingvalla að vestan áttu ekki greiða leið í áfangastað. Barmar gjánna hindruðu það. Innst í Stekkjargjá hafði myndast mjó hliðargjá sem grynntist og gekk upp á vesturbarm hennar. Heitir hún Langistígur. Eftir þessari hliðargjá var unnt að klöngrast með hesta ofan á Vellina. Árið 1789 varð mikið jarðsig á þingvöllum og Hallvegur, sem lá meðfram vatninu að vestan og hafði verið aðalleiðin á þingstaðinn, fór undir vatn. Var þá farið að laga til aðrar leiðir m.a. breikka Kárastaðastíg við Almannagjá. Árið 1830 voru gerðar vegabætur í Langastíg hann breikkaður og hellulagður og komið í það ástand sem nú má sjá. Er það mannvirki í vegagerð með þeim elstu sem til er í landinu.